

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Hveragerðis.

#### 1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

#### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 1 410.00 á mánuði fyrir aðalhemil fyrir gróðurhús 100 fermetra og stærri og kr. 560.00 á mánuði fyrir önnur hús.
- b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 150.00 á mánuði og kr. 400.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín til greiðslu annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjald dagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjald-daga.

#### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Hveragerðis skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð: Hús allt að 300 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 56 500.00.

Hús 300—2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 56 500.00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 42.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 128 500.00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 35.00 hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 7 000.00.

#### 7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1974. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

**8. gr.**

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

**9. gr.**

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

**10. gr.**

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

**11. gr.**

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

**12. gr.**

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

**13. gr.**

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreyttni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 19/1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. október 1974.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**S A M Þ Y K K T****um sorphreinsun í Hríseyjarhreppi.****1. gr.**

Hríseyjarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþingsins. Fer hún fram undir yfirstjórn oddvita og heilbrigðisnefndar Hríseyjar.

**2. gr.**

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Hrísey er skyldur til að nota þær aðferðir og tæki við sorphreinsun og hreinsun, sem hreppsnefnd ákveður. Húsráðendur verða að sjá um að hafa sorpskápa í góðu ásigkomulagi og endurnýja, ef þörf krefur, og bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi.